

## 20. Mannréttindaóróinn

Mér finnst gaman að allir geri séð réttindi mín



<b>Málefni</b>	Almenn mannréttindi, kynjajafnrétti
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Aldur</b>	10–13 ára
<b>Tími</b>	120–180 mínútur
<b>Hópstærð</b>	1–20 börn
<b>Tegund verkefnis</b>	Skapandi vinna
<b>Yfirlit</b>	Börnin búa til óróa til að hengja upp (sjá sýnishorn í lok verkefnisins) þar sem þau sýna þau réttindi sem eru þeim mikilvægust
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að ræða um efni og innihald grundvallarréttinda</li> <li>• Að komast að því hvaða réttindi eru virt í eigin umhverfi</li> <li>• Að skoða kynbundinn mismun í tengslum við réttindi</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Æfðu þig í að búa til óróa þar til þú ert orðin(n) leikin(n) í því</li> <li>• Vertu með sýniseintak til að börnin sjái hvernig órói lítur út</li> <li>• Skrifðu stytta útgáfu tíu réttinda á flettisþjald eða töflu</li> <li>• Klippu út dúkkulísur</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dúkkulísur búnar til úr hvítum pappaspjöldum</li> <li>• Litir (t.d. vaxlitir, vatnslitir, merkipennar)</li> <li>• Bláar, hvítar og rauðar pappírsmur, þrjár af hverjum lit fyrir hvert barn</li> <li>• Flettisþjald eða tafla til að skrifa á</li> <li>• Lítil, létt prik (tré, plast eða málmur), 20 sentimetra löng</li> <li>• Girni eða grannur þráður</li> <li>• Límband, lím eða heftari; teiknibólur eða litlir naglar</li> <li>• Skæri</li> <li>• Valfrjálst: tímarit sem klippa má myndir út úr</li> </ul>

### Leiðbeiningar

1. Kynntu verkefnið fyrir börnunum með því að sýna þeim óróa og skýra fyrir þeim að þau eigi að búa til mannréttindaóróa (sjá myndina).
2. Segðu börnunum að setjast saman tvö og tvö í fáeinar mínútur og skrifa hjá sér allt sem þeim finnst vera mikilvægast í lífinu (t.d. fjölskyldan, vinirnir, maturinn, heimilið, skólinn, að mega leika sér).
3. Láttu hvert barn fá dúkkulísu. Segðu þeim að skrifa nafnið sitt aftan á hana og teikna svo og mála hana þannig að hún tákni þau sjálf.
4. Leggðu fyrst áherslu á að hver og einn þurfi á öllum mannréttindum að halda og að ekki sé hægt að gera upp á milli þeirra. Í óróunum sínum eigi þau þó að sýna hvaða réttindi skipti þau sjálf mestu máli. Láttu síðan hvert barn fá þrjár rauðar, þrjár bláar og þrjár hvítar pappírsmur. Skýrðu fyrir þeim að rauði liturinn merki „mikilvægast“, sá blái „mikilvægt“ og sá hvíti „síður mikilvægt“.
5. Sýndu börnunum flettisþjaldið með listanum yfir réttindin. Lestu svo upp stytta útgáfu réttindanna og ræddu við þau um innihald hverrar greinar. Spyrðu börnin hvað þau haldi að hún merki og fáðu þau til að nefna dæmi um hver réttindi. Að því loknu skaltu biðja þau að horfa á listann yfir réttindin, velja hver þeirra eru þeim mikilvægust og skrifa þau á rauðu ræmurnar; segðu þeim svo að skrifa á bláu ræmurnar þau réttindi sem eru mikilvæg og þau sem eru síður mikilvæg á þær hvítu. Skýrðu fyrir þeim að þótt öll börn njóti allra þessara réttinda, þá eigi þau í þessu verkefni að velja þau níu réttindi sem skipta þau mestu máli.



6. Þegar öll börnin eru búin að skrifa þessi níu réttindi á mislitu pappírsræmurnar sínar, níu talsins, segirðu þeim hvernig órói er búinn til. Sýndu þeim hvernig þau fá óróann til að vera stöðugan.
7. Hengja skal óróana upp þar sem þeir sjást vel, t.d. í loftið.

### Samantekt og mat

1. Þegar allir óróarnir eru tilbúnir skaltu nota töfluna hér aftar til að greina hvernig réttindum er forgangsraðað. Fjallaðu um niðurstöðurnar með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Hvaða réttindi virðast vera mikilvægust í okkar hópi? Hvaða skýringar hafið þið á því?
  - b. Hvaða réttindi virðast síst mikilvæg í okkar hópi? Hvaða skýringar hafið þið á því?
  - c. Hvaða réttindi eru ykkur mikilvægust? Er forgangsroðunin önnur hjá ykkur en hjá hinum í hópnum? Hvaða skýringar hafið þið á því?
  - d. Er munur á forgangsmálum stelpna og stráka? Hvaða skýringar hafið þið á því?
  - e. Nefnið aðra hópa sem gætu sett annað en þið í forgang, t.d. fötluð börn, flóttamenn, þjóðernislega minnihlutahópa, fullorðna.
  - f. Eru öll þessi réttindi virt hér á landi?
2. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Hvað finnst ykkur um þetta verkefni?
  - b. Var erfitt að forgangsraða þessum réttindum?
  - c. Hvaða hluti verkefnisins fannst ykkur skemmtilegastur? Hvers vegna?
  - d. Var eitthvað sem kom ykkur á óvart?
3. Tengdu verkefnið almennum mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
  - a. Hvað eru réttindi?
  - b. Hvers vegna er mikilvægt að njóta allra mannréttinda en ekki bara þeirra sem við metum mest?
  - c. Njóta strákar og stelpur mismunandi réttinda?
  - d. Nýtur allt fullorðið fólk ekki sömu réttinda?
  - e. Haldið þið að öll börn í heiminum njóti sömu réttinda? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - f. Hvað getum við gert til að tryggja að öll börn í heiminum lifi við sömu aðstæður?

### Tillögur um framhald

Í verkefninu „Mikilvægast fyrir hvern?“, bls. 146, er nánar fjallað um hvernig öll mannréttindi eru háð innbyrðis og samtvinnuð.

### Hugmyndir um aðgerðir

- Hafðu samband við samtök sem starfa í þágu þeirra réttinda sem börnin telja mikilvægust og leitaðu leiða til að fá að taka þátt í starfi þeirra.
- Börnin hafa kannski flokkað sum réttindi sem síður mikilvæg en önnur vegna þess að þau eru þeim framandi. Kynnið ykkur betur hvað sum þessara réttinda ganga út á og kannið að hvaða leyti þau skipta máli hér á landi.
- Hengið óróana upp, ásamt skýringum sem börnin skrifa varðandi mikilvægustu réttindin, og sýnið þá á opinberum stöðum (t.d. á bókasafni, pósthúsi, skólum). Notið sýninguna til að fagna Alþjóða mannréttindadeginum þann 10. desember, eða einhverjum öðrum frídegi (sjá verkefnið „Mannréttindadagatal“, bls. 126).



### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Leggðu áherslu á að hvorki við sjálf né stjórnvöld geti tekið ein mannréttindi fram yfir önnur. Við þurfum ávallt, hvert og eitt okkar, á öllum mannréttindum að halda. Útskýrðu að í verkefninu eigi börnin aðeins að forgangsraða þeim réttindum sem þeim sjálfum finnst mikilvægust. Leggðu sérstaka áherslu á að réttindi í 3. lið leiðbeininganna og 1. spurningunni í samantektinni séu háð innbyrðis.
- Vertu búin(n) að búa til lítinn óróa og gerðu tilraunir með þyngd og afstöðu til að átta þig á hvernig hann verður stöðugur, og hvernig best sé að festa pappírsræmurnar við þræðina og prikin með lími, límbandi eða heftara.
- Þú gætir valið önnur réttindi úr Barnasáttmálanum sem þér finnst hæfa hópnum betur.


### Tilbrigði

- Vinnið verkefnið á lengra tímabili. Börnin gætu einnig búið til óróa sem á við eigið samfélag, Evrópu eða heiminn allan.
- Láttu börnin fá níu pappírsræmur en leyfðu þeim að velja úr fleiri en níu réttindum.
- Segðu börnunum að hanna og klippa út dúkkulísu sem er sjálfsmynd þeirra.
- Segðu börnunum að skreyta mislitu ræmurnar með teikningum eða útklipptum myndum sem tákna skulu viðkomandi réttindi.
- Búið til risastóran óróa sem vekja mun óskipta athygli.
- Börnin geta unnið hvert fyrir sig eða í litlum hópum, allt eftir því hve mörg þau eru, þeim tíma sem er til umráða og fjölda leiðbeinenda. Ef unnið er í hópum má hafa stráka í sumum og stelpur í öðrum til að sjá hvaða munur kemur fram hjá kynjunum.

### Breytingar

- Vegna yngri barnanna: Kannski þarf að aðstoða þau við handavinnuna í þessu verkefni.
- Vegna eldri barnanna: Segðu þeim að búa til óróa í hópvinnu sem nokkrir taka þátt í og þar sem hver og einn þarf að samþykka hvað sett er í óróann. Í samantektinni þarf þá líka að spyrja hvernig hópvinnan gekk fyrir sig og hvernig þeim gekk að komast að samkomulagi um hvernig óróinn ætti að vera.

## MANNRÉTTINDAÓRÓI



## DÆMI UM LISTA YFIR RÉTTINDI

Nota má töfluna hér fyrir neðan til að finna út „stigafjölda“ hverra réttinda. Gefðu rauðum réttindum 3 stig, bláum réttindum 2 stig og hvítum réttindum 1 stig.

<i>Nokkur mannréttindi</i>	<i>Stúlkur</i>	<i>Drengir</i>	<i>Heildarstiga- fjöldi</i>	<i>Lokaniður- staða</i>
Öll börn eiga rétt á að njóta verndar.				
Öll börn eiga rétt til menntunar.				
Öll börn eiga rétt á heilbrigðisþjónustu.				
Öll börn eiga rétt á að leika sér og eiga tómsundur.				
Öll börn eiga rétt til nafns og ríkisfangs.				
Öll börn eiga rétt til trúfrelsis.				
Öll börn eiga rétt á upplýsingum.				
Öll börn eiga rétt til félagafrelsis.				
Öll börn eiga rétt á að búa hjá fjölskyldu sinni.				

